

um frumvarp til laga um Landsbanka Íslands.

Frá 3. hluta fjárhagsnefndar (J. Jós. og S. E.).

Við höfum athugað frv. þetta og rætt það við bankastjórnir beggja bankanna og fjármálaráðherra. Jöfnum höndum höfum við haft til athugunar frv. 2. þingmanns Gullbringu- og Kjósarsýslu um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar.

Þungamiðjan í frumvarpinu um Landsbankann er seðlaútgáfan; er þar ætlast til, að Landsbankinn fari með hana framvegis, en jafnframt er lagt til, að gerðar sjeu verulegar breytingar á fyrirkomulagi bankans, þannig, að hann verði hlutafjárbanki. Auk þess skal sett 5 manna bankaráð yfir bankann.

Frv. þetta bað fyrverandi fjármálaráðherra fjárhagsnefnd að flytja, er mánuður var liðinn af þinginu. Tími hefir því eigi unnist til ítarlegrar rannsóknar á málinu, en án slíkrar rannsóknar má ekki ráða máli til lykta, sem jafnmikla þýðingu hefir fyrir þjóðina og þetta.

Okkur er það að vísu ljóst, að því er fyrirkomulag á stjórn bankans snertir, að honum myndi vera styrkur í hinni nýju skipun, en álitamál er, hvort ekki mætti á einfaldari hátt búa tryggilega um stjórn hans, en um það verður ekki fullyrt, eftir ekki meiri rannsókn.

Þá sýnist okkur einnig, að styrkur væri fyrir bankann að fá stofnþje sitt aukið. Að því er seðlaútgáfuna snertir, sem er þýðingarmesti þátturinn í þessum bankamáli, þá hefir nú dregist allengi úr hömlu að koma skipulagi á hana. Var til þess ætlast, að henni yrði ráðstafað fyrir 1. júní 1922, en það hefir þó ekki orðið enn, og hefir núverandi fjármálaráðherra borið þá ósk fram við nefndina, að fresturinn, sem ákveðinn er með lögum nr. 32, 20. júní 1923, verði nú framlengdur enn þá eitt ár, og hefir nefndin flutt frv. um þetta efni fyrir stjórnina. Hefir meiri hluti nefndarinnar fallist á þær óskir stjórnarinnar, að henni mætti gefast kostur á að athuga ítarlegar, hvernig seðlaútgáfunni yrði best fyrir komið, og hefir stjórnin lýst því yfir, að hún myndi leita aðstoðar sjerfræðinga um það efni.

Samkvæmt frumvarpinu um Landsbankann er þeim banka ætlað að hafa alla seðlaútgáfuna og ráða öllu um hana, og hefir landsstjórnin engin bein áhrif í því efni. Þar sem nú banki þessi ávaxtar svo mikið af sparisjóðsþje landsmanna, teljum við að sjerstök ástæða sje til að ihuga, hvort það geti samrýmst einræðinu um seðlaútgáfuna. Aftur ef litið er til þess fyrirkomulags, sem gert er ráð fyrir í frv. háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.), ræður stjórnin öllu um seðlaútgáfuna, og þykir þetta ekki hafa gefist vel, eftir þeirri reynslu, sem fengin er hjer í þessu efni. Frá almennu sjónarmiði má segja, að eins og það gæti orðið freisting fyrir seðlabanka, sem ávaxtar sparisjóðsþje, að gefa út of mikla seðla,

vegna aðsúgs að bankanum, eins gæti stjórn, sem er í fjárkröggum, freistast til að gefa út seðla til þess að geta fengið lán hjá bankanum, eins og bankinn gæti einnig gert það að skilyrði fyrir láni, að fá aukna seðlaútgáfuna.

Við endanlega skipun seðlaútgáfunnar væri æskilegt, að reynt væri eftir megni að komast fram hjá þessum torfærum. Fyrir alt lánstraust þessarar þjóðar mundi það skifta miklu máli, að vel og tryggilega yrði frá seðlaútgáfunni gengið, og viljum við, eins og áður er vikið að, á engan hátt vera því til fyrirstöðu, að stjórnin hafi til næsta þings þetta mjög svo þýðingarmikla mál til rannsóknar og ítarlegs undirbúnings. En á næsta þingi teljum við, að óhjákvæmilegt sje að skipa þessu máli endanlega, enda er þessi tillaga miðuð við, að svo verði gert.

Loks látum við þess getið, að við væntum, að á sem tryggilegastan hátt verði sjeð fyrir seðlaaukningu þeirri, sem nauðsynleg kann að verða á þessu ári. Samkvæmt því, sem tekið er fram hjer að ofan, leggjum við til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð stjórnin hefir óskað, að henni gefist kostur á að athuga með aðstöð sjerfræðinga og undirbúa fyrir næsta þing endanlegt fyrirkomulag seðlaútgáfunnar, og þar sem hjer er um mjög vandasamt mál að ræða, sem miklu skiftir fjárhag þessarar þjóðar, þá þykir rjett, að þessi undirbúningur fari fram, svo málinu geti orðið ráðið til lykta á næsta þingi, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. apríl 1924.

Sig. Eggerz,
formaður.

Jóhann P. Jósefsson,
framsögum.